

LÖG

**um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum
nr. 115 19. nóvember 1936, um þingsköp Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tölul. 1. málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:
1. fjárveitinganefnd, skipuð 10 mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 101 19. október 1978 um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóvember 1936, um þingsköp Alþingis.

Gjört í Reykjavík, 17. október 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.